Morgunblaðið

Útgefandi Árvakur, Reykjavík
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórar Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.
Aðstoðarritstjóri Björn Bjarnason.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson, Björn Jóhannsson, Árni Jörgensen.
Fréttastjórar Freysteinn Jóhannsson, Magnús Finnsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Ágúst Ingi Jónsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 691100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Kringlan 1, sími 83033. Áskriftargjald 800 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 70 kr. eintakið.

Afleiðingar gjaldþrota

Það hefur stundum verið haft á orði, að of lítið væri um gjaldþrot fyrirtækja á Íslandi vegna þess, að stjórnvöld hefðu of ríka tilhneigingu til þess að bjarga atvinnufyrirtækjum, sem komin væru í erfiðleika. Slík afskipti opinberra aðila væru engum til góðs en gætu stuðlað að því, að ekki væri nægilega vel staðið að rekstri fyrirtækja. Stjórnendur þeirra gætu treyst því, að hið opinbera kæmi til sögunnar, ef eitthvað bjátaði á.

Nú er svo komið, að gjaldþrot eru orðin tíð í íslenzku atvinnulífi. Raunar hefur varla liðið sú vika í marga mánuði, að ekki hafi borizt fregnir um ný gjaldþrot eða beiðni frá stórum fyrirtækjum um greiðslustöðvun til þess að endurskipuleggja rekstur. Ekki leikur nokkur vafi á því, að vaxtastefnan hefur ráðið mestu um þessa þróun. Á örfáum árum hefur orðið sú grundvallarbreyting í atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar, að í stað þess að lánsfé kostaði minna en ekki neitt kostar það nú verulega fjármuni. Vextir hafa verið svo háir í nokkur misseri, að einungis hagkvæmasta fjárfesting hefur staðið undir þeim. Þetta stuðlar auðvitað að heilbrigðara atvinnulífi, þegar til lengri tíma er litið, en aðlögun að breyttum aðstæðum reynist mörgum erfið. Hin tíðu gjaldþrot eru m.a. afleiðing þess, að menn hafa ekki gert sér nægilega vel grein fyrir áhrifum breyttra aðstæðna.

Óneitanlega vekja sum þeirra gjaldþrotamála, sem upp hafa komið á undanförnum mánuðum, spurningu um það hvort eftirlit lánastofnana er nægilega mikið og athugun á rekstraráætlunum fyrirtækja nægilega góð. Ljóst er, að í mörgum tilvikum hafa opinberir fjárfestingarlánasjóðir lánað mikið fé til fyrirtækja, sem ýmist hafa lent í gjaldþroti eða greiðslustöðvun og spyrja má hvort rækileg athugun hafi farið fram á rekstri viðkomandi fyrirtækja eða þeim áformum, sem uppi voru, áður en lán voru veitt. Getur það verið, að pólitískur þrýstingur hafi stundum meiri áhrif á ákvarðanir slíkra aðila um lánveitingar en nákvæm skoðun á rekstri og áætlunum?

Í kjölfar gjaldþrotanna hefur athyglin beinzt í vaxandi mæli að þeim, sem tapa á gjaldþrotum. Í fréttum Morgunblaðsins í gær kom fram, að bændur og afurðastöðvar geta hugsanlega tapað rúmlega 200 milljónum króna á viðskiptum við verzlanir og veitingahús, sem orðið hafa gjaldþrota að undanförnu. Áður hefur komið fram, að iðnfyrirtæki geti tapað svipuðum upphæðum og ljóst er, að innflutningsfyrirtæki tapa verulegum fjármunum á gjaldþrotum. Slík töp geta auðvitað haft keðjuverkandi áhrif, sem enginn getur séð fyrir hver verða, vegna þess, að þeir sem tapa á gjaldþrotum annarra eru misjafnlega í stakk búnir til þess að taka á sig slík töp.

Þá er ástæða til að varpa fram þeirri spurningu, hvort viðskiptabankar og sparisjóðir standi frammi fyrir því, að einhver hluti útlána þeirra sé í raun tapaður, þótt það hafi ekki verið staðfest í raun. Ef um slík töp er að ræða er auðvitað óhjákvæmilegt fyrir þessar lánastofnanir að horfast í augu við töpin, þótt það kunni að hafa neikvæð áhrif á stöðu þeirra. Þorvaldur Gylfason, prófessor, varpaði því t.d. fram í grein hér í Morgunblaðinu fyrir skömmu hvort tímabært væri orðið fyrir bankana að afskrifa eitthvað af skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna og stuðla á þann hátt að því, að rekstur þeirra komist á réttan kjöl.

Líklegt má telja, að sú alda gjaldþrota, sem nú sýnist standa yfir, haldi áfram enn um skeið. Þótt í því felist viss hreingerning í atvinnulífinu er ljóst, að afleiðingarnar geta orðið margvíslegar og komið víðar fram, en menn kunna að halda við fyrstu sýn.

Líkur taldar á of háum g um til nokkurra sveitar

LÍKLEGT er talið að útsvarsgreiðslur til nokkurra sveitarfélaga það sem af er þessu ári séu þegar orðnar of háar, en um vangreiðslur sé að ræða til annarra. Að sögn Magnúsar E. Guðjónssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga verður greiðslunum jafnað út þegar endanlegt uppgjör frá sveitarfélögunum í heild liggur fyrir. Allar greiðslur ríkisins til sveitarfélaganna á þessu ári eru inntar af hendi samkvæmt áætlun, sem gerð var áður en staðgreiðsla skatta var tekin upp, en þessa dagana er unnið að tölvuskráningu upplýsinga um skiptingu útsvarsgreiðslna og úrvinnslu á þeim. Ættu endanlegar niðurstöður varðandi skiptinguna að liggja fyrir innan skamms.

Sú áætlun, sem stuðst hefur verið við fram að þessu varðandi greiðsl-

Dómur Hæstaréttar:

Heimilt að krefjast innheimtukostnaðar þrátt fyrir lögtaksrétt

HÆSTIRÉTTUR hefur komist að þeirri niðurstöðu að heimilt sé að krefjast innheimtuþóknunar lögmanns vegna kröfu sem lögtaksréttur fylgir. Málið fjallaði um greiðslur í sjúkra- og orlofssjóð. Dómur þessi tekur af nokkurn vafa í málum varðandi slíkar kröfur.


Hæstiréttur komst að þessari niðurstöðu í dómi í máli Verkalýðsfélagsins Jökuls gegn Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur. Forsaga málsins er sú, að frystihúsið skuldaði verkalýðsfélaginu gjöld í sjúkrasjóð og orlofssjóð. Verkalýðsfélagið fékk kröfur sínar greiddar, en hafði þá látið lögfræðing um að innheimta þær. Frystihúsið féllst ekki á að greiða innheimtukostnaðinn og benti á að greiðslur í sjúkra- og orlofssjóði njóti lögtaksréttar. Með því að veita kröfum lögtaksrétt sé beinlínis ætlast til þess að kröfuhafi snúi sér beint til fógeta með beiðni um lögtak, sem fógeti framkvæmi og þurfi ekki frekari atbeina kröfuhafa þar um. Kröfuhafa sé auðvitað frjálst að fela lögmanni innheimtuna, en kostnað af því verði hann þá sjálfur að bera.

Af hálfu verkalýðsfélagsins var því m.a. haldið fram, að það sé almenn regla að sá sem eigi lögmæta kröfu á annan aðila eigi að vera skaðlaus af því að knýja fram fullnustu hennar. Allur kostnaður við innheimtuna eigi því að falla á skuldara. Þá sé í lögum hvergi gerður greinarmunur að þessu leyti á almennum kröfum og kröfum, sem lögtaksréttur fylgir. Innheimtuhagræði það sem fylgi lögtaksrétti nýtist ekki kröfueiganda á þann hátt að innheimtunni sé lokið um leið og lögtaksbeiðni komi til viðkomandi fógeta og lögtak sé gert. Þá sé t.d. eftir að knýja fram greiðslu. Loks vísaði verkalýðsfélagið til langrar venju varðandi töku innheimtukostnaðar af lögtakskröfum.

Meirihluti dómsins, hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason, komust að þeirri niðurstöðu að kröfuhafa væri heimilt að krefjast innheimtukostnaðar, þrátt fyrir lögtaksrétt. Hvorki í lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar né í öðrum lögum sé sett sérstök regla um þóknun lögmanns fyrir innheimtu krafna, sem njóti lögtaksréttar. Óumdeilt sé að samkvæmt venju beri skuldari innheimtulaun við fjárnám samkvæmt lögunum. Til þess beri að líta að í upphafi hafi verið að finna í lögunum mun færri lögtaksheimildir en nú finnast þar og í sérlögum. Mestur hluti þeirra hafi verið innheimtur af innheimtumönnum ríkisins, sem þá voru handhafar fógetavalds. Nú séu lögtaksheimildir orðnar miklu fleiri og misjafnari og fjarri fari að fógeti geti tekið að sér hlutverk innheimtumanns kröfunnar, nema þar sem það er sérstaklega boðið.

Meirihluti réttarins taldi því að ekki yrði séð að laga- eða eðlisrök ættu að leiða til þeirrar niðurstöðu, að skuldari greiði ekki innheimtulaun af lögtakshæfri kröfu.

Guðmundur Skaftason, hæstaréttardómari, skilaði sératkvæði í málinu. Hann benti á að afskipti lögmanns af innheimtu hefðu verið þau, að hann ritaði frystihúsinu innheimtubréf og sýslumanni og bæjarfógeta lögtaksbeiðni. Til lögtaks hefði ekki komið þar sem frystihúsið greiddi skuld sína, að undanskilinni innheimtuþóknun. Væri þá með talið gjald fyrir ritun lögtaksbeiðninnar. Sýslumaður hefði endursent lögmanninum lögtaksbeiðnina ásamt upgjöri á kröfunni. Hefði lögmaðurinn því ekki haft afskipti af innheimtunni. Ritun innheimtubréfsins og lögtaksbeiðninnar þætti því, eins og hér stæði á, ekki þvílík störf að þau veittu verkalýðsfélaginu rétt til að krefjast innheimtuþóknunar. Vildi Guðmundur því að úrskurður héraðsdóms um að frystihúsinu bæri ekki að greiða þóknunina, yrði staðfestur.



Morgunblaðið/Júlíus

Talið frá vinstri: Jóhannes Jóhannesson, Guðmundur Benediktsson, Guðmunda Andrésdóttir og Hafsteinn Austmann við eitt af 14 verkum Valtýs Péturssonar sem verða á sýningunni Septem 1988 á Kjarvalsstöðum.

Septem 1988 á Kjarvalsstöðum:

Sýning til minningar um Valtý Pétursson

Myndlistarsýningin Septem 1988 verður á Kjarvalsstöðum dagana 29. október til 6. nóvember næstkomandi. Sýningin er haldin til minningar um Valtý Pétursson sem var einn af stofnendum Septem-hópsins árið 1974. Hann lést í sumar.

Á sýningunni verða verk eftir Valtý Pétursson, Kristján Davíðsson, Guðmundu Andrésdóttur, Hafstein Austmann, Jóhannes Jóhannesson og Guðmund Benediktsson.

Valtýr Pétursson var í stjórn Íslandsdeildar Norræna myndlistarbandalagsins frá árinu 1951 og formaður þess frá 1969 til 1973. Þá var hann gjaldkeri Félags íslenskra myndlistarmanna og myndlistargagnrýnandi Morgunblaðsins um árabil.

Listasafn Íslands:

Kyrra um Kr

Í ÁR eru liðin 100 ár frá fæðingu Kristínar Jónsdóttur, listmálara, og af því tilefni efnir Listasafn Íslands til þemasýningar á merkum þætti í listferli hennar, sem eru uppstillingar og blómamyndir. Sýningin nefnist Kyrra líf og verður opnuð laugardaginn 29. október.

Kristín Jónsdóttir fæddist að Arnarnesi við Eyjafjörð 25. janúar 1888 og lést í Reykjavík 1959.



Uppstilling, olíumálverk 1942.